



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sélvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 bréfasími: 552 7382
postur@srn.is srn.is

Reykjavík 22. júní 2020
Tilv.: SRN20010021/7.0

Efni: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga kynnir nýja vefgátt.

Um er að ræða vefgátt þar sem sveitarfélög geta skilað inn upplýsingum til sjóðsins vegna útreikninga á framlögum til sveitarfélaga.

Jafnframt verður hægt að senda sveitarfélögum tilkynningar frá sjóðnum, sjálfvirkar eða einstakar, um þau gögn sem honum þurfa að berast. Vefgáttin er rekin á miðlara vottaðan með ÍST ISO/IEC 27001:2017 – Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi. Vefgáttin er varin með lykilorðum og samskipti við hana eru dulkóðuð.

Óskað er eftir að sveitarfélagið þitt skili inn upplýsingum um þann tengilið/tengiliði sem kemur til með að skila inn gögnum **fyrir 3. júlí 2020**.

Hafið beint samband við ICT ICELAND í gegnum netfangið info@icticeland.is til þess að fá slóðina á vefgáttina senda og aðgang að henni. **Senda þarf fullt nafn, netfang og símanúmer viðkomandi.**

Ef margir aðilar innan sama sveitarfélags eru að skila inn gögnum þurfa að fylgja upplýsingar um hvaða gögnum viðkomandi skilar.

Hægt er að fá einn aðgang sem sér öll skil á einum stað ef einn aðili skilar inn öllum gögnum eða ef sveitarfélagið vill hafa yfirsýn yfir öll skil á einum stað.

Fyrir hönd ráðherra


Guðni Geir Einarsson


Tinna Dahl Christiansen